

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.
Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

226. tbl - 5. árg.

27. október 2005



SPARISJÓÐUR ÓLAFSVÍKUR

-bakhjarl í byggð-

Sæhamar til Rifs



Kristinn Jón Friðbjólfsson hefur fengið afhentan nýjan bát, Sæhamar SH, sem er af gerðinni Seigur 1200 og er hann smíðaður af Seiglu í Reykjavík. Hann er 15 tonn að stærð með 700 hestafla Yanmar vél sem skilar bátunum á um 30 sjómílna hraða.

Báturinn er 12,2 metrar að lengd, yfirbyggður og breiddin er 3,6 metrar.

Meðal nýjunga í þessum bát er glussadrifin ísþykkni-vél frá Optimar og framleiðir hún ísþykkni sem er 43% á þykkt. Þetta er fyrsta ísvélin af þessari gerð sem sett er í bát og að sögn útgerðarmanns er þetta gert til að tryggja gæði hráefnisins. Skipstjóri á Sæhamri verður Halldór Jónsson.

Myndina tók Alfons.

Kvennafrídagurinn



Þann 24. október síðastliðinn héldu konur um land allt kvennafrídaginn hátíðlegan. Það eru komin 30 ár frá því að konur lögðu niður störf í þeim tilgangi að sýna fram á mikilvægt framlag kvenna í atvinnulífinu og samfélaginu í heild. Mikið hefur lagast síðan þá en engu að síður halda konur þó kvennafrídaginn hátíðlegan, bæði til að minnast 30 ára afmælis kvennafrídagins og til að

vekja athygli á að enn í dag er ýmislegt óunnið.

Mikil þátttaka var meðal kvenna um allt land og var Snæfellsbær þar engin undantekning. Um 150 konur á öllum aldri mættu saman á Hótel Ólafsvík þar sem skipulögð hafði verið dagskrá. Lesnir voru pistlar, gamanmál, sungið saman og notið góðra veitinga. Hátíðin fór mjög vel fram og allir voru ánægðir með daginn.

Dósasöfnun!

Fimmtudaginn 27. október kl.18:30 ætlum við að fara í dósasöfnun í Ólafsvík. Er það von okkar, bæjarbúar góðir að þið eigið eitthvað af flöskum handa okkur, hvort sem það er plast, ál eða gler. Til að allt gangi vel og fljótt fyrir sig, væri ágætt að þið settuð poka eða kassa með flöskunum fyrir utan hús ykkar, að öðrum kosti bönkum við uppá hjá ykkur.

Það er ennþá til
WC-pappír, eldhúsrúllur og humar

Með fyrirfram þökk.
Umf. Víkingur

P.S. Krakkar mætum öll í húsnæði Ragnars og Ásgeirs, endilega takið mömmu og pabba með, því margar hendur vinna létt verk.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · Neff. bylgja@bylgja.is

Nýtt á sölu

Ólafsvík

Sandholt 36 er byggt árið 1967 úr steypu og alls 218 fm. Húsið er á tveimur hæðum og er efri hæðin 137,7 fm og neðri 50,8 fm og að auki er bílskúr sem er 29,5 fm. Efri hæðin samanstendur af flisalagðri forstofu með skápum, þvottahúsi og geymslu. Einnig er hol, fjögur herbergi og eru þrjú með skápum. Þá er rúmgóð stofa, eldhúsi með góðri innréttingu og baðherbergi þar sem flisar eru á veggjum. Á holi, stofu, herbergjum og eldhúsi er gott parket. Á neðri hæðinni er flisalagt hol, wc, eldhúsi með dúk á gólf og nýrri innréttingu og parketlagt herbergi. Í húsinu eru nýlegar innihurðir og ofnar eru nýir Húsið er með nýlegri steniklæðningu að utan og við suðurhlíð þess er stór tresólpallur. Gluggar eru í góðu lagi og þakið er nýlegt og við húsið er góð lóð. Þetta er mjög gott hús á góðum stað með góðu útsýni.

Asett verð kr 22 millj.



Sjá upplýsingar
um eignir í Snæfellsbæ
á valholl.is undir söluskrá

Nánari upplýsingar í síma 893 4718

VALHÖLL
FASTEIGNASALA


Ingólfur G. Gissurarson, lögjullur fasteignasali,
Síðumúli 27, 108 Reykjavík, sími: 588 4477

Fleiri sjónarhorn á vegamálum

Nýtt sjónarhorn í vegamálum í Snæfellsbæ. Þessi yfirskrift var á grein eftir Elinberg Sveinsson í síðasta tölublaði Jökuls. Ég vil taka undir það sjónarmið Elinbergs að jarðgöng undir fjallgarðinn væri lang-æskilegasti kosturinn fyrir íbúa Snæfellsbæjar. Ég lét athuga þetta fyrir nokkrum árum og fékk senda mynd af hugsanlegum göngum, þar kom fram að lengd ganganna væri tæpir 5 km. Ég hætti allri eftirgrenslan um þessa leið, því að ég hélt að leiðin væri miklu styttri. Mér var tjáð að gangaopið að sunnanverðu yrði á móts við Hamraenda, þannig að nýting hafnarinnar á

Stapa yrði allt önnur auk annara kosta eins og Elinbergur tók fram. Eflaust verður þungur róður að fá þessu framgengt vegna kostnaðar og einnig vegna þess að byrjað er á varanlegri vegagerð á Fróðárheiði. Næst-besti kostur í þessari stöðu er að fara beina línu frá Klettakotsvegamótum í Torfholti sem er efst í Fróðárholtum, áfram suður Seljadal og vestur fyrir Fróðármúla, upp með Fróðá fyrir vestan Slögu og inn á heiðarveginn á svonefndum Þörtum. Á þessari leið yrði aflíðandi halli og mikið minni en nú er.

Hvað Rjúpnaborgirnar



varðar ætti ekki að vera neinn höfuðverkur að gera skarð líkt og gert var í Ytra-Klifi við Ólafsvík sem reynst

hefur vel.
Geirakoti 25/10 2005
Bjarni Ólafsson



FJÖLBRAUTASKÓLI
SNÆFELLINGA

Innritun á vorönn 2006

Innritun nýrra nemenda á vorönn 2006 stendur yfir og lýkur 11. nóvember nk.

Nemendur eru beðnir að koma með einkunnir úr grunnskóla og/eða framhaldsskóla til innritunarinnar.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á skrifstofu skólans eða á FSN-vefnum, www.fsn.is og þar eru einnig upplýsingar um áfanga í boði.

Skólameistari



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



SNÆFELLSBÆR
...þar sem Jökullinn ber við loft...

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag fyrir vistvænar þyrpingar á Hellnum, Snæfellsbæ.

Í samræmi við 25. gr. skipulag- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsist hér með tillaga að breyttu skipulagi fyrir vistvænar þyrpingar á Hellnum, Snæfellsbæ.

Deiliskipulagssvæðið er 6.63 ha. í landi Brekkubæjar og hefur áður verið gengið frá deiliskipulagi svæðisins í heild. Nú er sótt um breytingar á hluta svæðisins. Gert er ráð fyrir viðbyggingu við hótelið, gestahús nyrst á svæðinu eru felld niður og í stað þeirra gert ráð fyrir sambyggðu gistirými með sér inngangi í hverja einingu. Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2 frá og með 27. október nk. til 17. nóvember. 2005.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 01. desember. 2005.

Athugasemdir einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Smári Björnsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Sjómenn á Snæfellsnesi! - hver er staðan í öryggismálunum í dag?

Málfundir um öryggismál sjómanna verða haldnir víða um land í vetur.
Sjómenn, útgerðarmenn og aðrir sem láta sig öryggi sjómanna varða eru hvattir til að mæta.

Fundur verður haldinn í Sögumiðstöðinni Grundarfirði miðvikudaginn 2. nóvember nk. kl. 20.00 til 22.30. Boðið verður upp á veitingar í kaffihléinu.

Dagskrá:

1. **Setning fundar.** Fundarstjóri: Sigríður Finsen, forseti bæjarstjórnar Grundarfjarðar.
 2. **Áætlun um öryggi sjófarenda.** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.
 3. **Staða verkefna áætlunar um öryggi sjófarenda 2004-2005.** Siglingastofnun.
 4. **Nýjungar í öryggisfræðslu sjómanna.** Slysavarnafélagið Landsbjörg og Slysavarnaskóli sjómanna.
 5. **Upplýsingakerfi fyrir sjófarendur - Veður og sjólag.** Siglingastofnun.
 6. **Kaffihlé (nýjungar í upplýsingakerfi um veður og sjólag).**
 7. **Vakstöð siglinga. Leit og björgun á sjó. Vaktstöð siglinga.**
 8. **Áherslur í öryggismálum sjófarenda.** Talsmaður útgerðamanna af heimaslóð.
 9. **Áherslur í öryggismálum sjófarenda.** Talsmaður sjómanna af heimaslóð.
- Almennar umræður um öryggismál sjófarenda.



Fundirnir eru haldnir í tengslum við áætlun um öryggi sjófarenda og að þeim standa: Samgönguráðuneyti, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Landhelgisgæsla Íslands, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeiganda, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Sjómannasamband Íslands, og Siglingastofnun sem fer með framkvæmd áætlunarinnar.

Vetrargeymsla

Ennþá eru nokkur pláss laus fyrir tjaldvagna eða fellhýsi í vetrargeymslu.

Upplýsingar

í síma 894-6399 - Viðar

Bátahöllin

Hellisbraut 20, 360 Hellissandi.
Sími 4366870. Fax 4366871. GSM 8946399



Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Engihlíð 28, 355 Ólafsvík · Sími 430 6500 · Fax 430 6501

INFLUENSU BÓLUSETNING

Hin árlega influensubólusetning er hafin á Heilsu-gæslustöð Ólafsvíkur og stendur yfir í október.


Bóluset verður frá kl. 09:00 - 12:00 og 13:00 - 14:30 mánudaga, miðvikudaga og fimmtudaga en **EKKI** föstudaga eins og misritaðist í síðasta Jökli

Tímamantanir í síma 430 6500 frá kl. 10:00 - 16:00.

Bólsett verður í Grunnskólanum á Lýsuhóli **fimmtudaginn 27. október frá kl. 13:00 - 15:00.**

Mælt er sérstaklega með bólusetningu allra 60 ára og eldri, allra fullorðinna og barna með langvinna lungna-, nýrna- og lifrasjúkdóma, sykursýki, illkynja sjúkdóma og aðra ónæmisbælandi sjúkdóma.

Einnig þá sem annast fólk með aukna áhættu.



Heilsugæslustöðin Ólafsvík

Byggt á Hellnum



Framkvæmdir hafa gengið mjög vel við frístundaþorp á hellnum og nú þegar er búið að ganga frá grunnunum undir fyrstu 17 húsin sem reist verða í fyrsta áfanga. Nú þegar er búið að reisa sperrurnar á fyrsta húsinu.

Hellisvellir ehf. keyptu um 30 hektara spildu undir þorpið fyrir ofan kirkjuna og Menningarmiðstöðina á Hellnum og ráðgera að reisa allt að 200 íbúðarhús auk verzlana, list- og handverks-

gallería, hótels og þeirrar þjónustu sem þarf að vera til staðar í þorpi. Mun þorpið koma til með að heita Plássíð undir Jökli.

Í fyrsta áfanga verða reist 17 hús af fjórum grunngerðum og verða þau tilbúin í desember. Í næsta áfanga sem byrjað verður á í vor verða reist um 60 hús og síðan verður uppbyggingu haldið áfram eftir því sem eftirspurn kallar á.

SMÁAR

Íbúð til leigu

Ca. 45. fm. íbúð til leigu
Uppl. í síma: 895 1681

ÁRÍÐANDI

Neyðarfundur hjá Liverpoolklúbbum í Snæfellsbæ vegna slæms gengis í deild og bikar.
Mætum öll á Hótel Ólafsv. á laugard. kl. 11



SNÆFELLSBÆR
...þar sem Jökullinn ber við loft...

ÚTBOÐ

á Graftrar- og lagnavinnu við Selhól.

Snæfellsbær óskar eftir tilboðum í graftrar- og lagnavinnu fyrir Selhól, Hellissandi, Snæfellsbæ. Um er að ræða nýja götu við Selhól á Hellissandi. Helstu magntölur eru.

Vatnsveita (stofn + heimæðar) ~ 420 m
(allar stærðir; 160 110 63 40 32)
Fráveita (stofnar) ~ 230 metrar
Brunnar 7 stk. (1m brunnar)
Rúmmál graftrar (skurðir, m3) ~ 700-800 m3

Verklok eru 31.01.2006

Útboðsgögn verða fáanleg á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar frá og með 01.11.05, n.k.

Tilboðum skal skila til Tæknideildar Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæjar, í lokuðu umslagi, þannig merktu:

„Tilboð í Graftrar- og lagnavinnu við Selhól“

Tilboðin verða opnuð föstudaginn 11.nóvember, n.k. kl. 10.30 á skrifstofu Tæknideildar Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæjar, að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Snæfellsbær 26. október 2005

Tæknideild Snæfellsbæjar

Nýr prestur í Ólafsvík

Sr. Magnús Magnússon hefur verið valinn sóknarprestur í Ólafsvíkurstakalli, Snæfells- og Dalaprófastsdæmi. Gert er ráð fyrir að hann taki við embættinu í desember.

Fjórir aðrir umsækjendur voru um prestakallið, sr. Valdimar Hreiðarsson, Aðalsteinn Þorvaldsson guðfræð-

ingur, Ingólfur Hartvigsson guðfræðingur og Klara Hilmarsdóttir guðfræðingur.



SNÆFELLSBÆR

Nýtt símanúmer 433 6900 - Nýtt faxnúmer 433 6901



Fleiri nýbúar í Breiðafirði

Stóra sænál

Entelurus aequoreus

Er af sænálaætt sem heyrir undir ættbálk Sænála.

Í NA-Atlantshafi eru þekktar 14 tegundir en aðeins ein, stóra sænál hefur fundist hér við land.

Stóra sænál er yfirleitt 20-60 cm hér við land en fundist hafa stærri einstaklingar erlendis. Sú stærsta mun hafa verið 104 cm en hún fannst við Írland.


Þetta er langvaxinn mjór fiskur. Hann er sívalur nema um bolinn sem er þunnvaxinn. Helmingur haussins er trjóna. Kjaftur er lítill og vísar upp staðsettur á enda trjónunnar. Augu eru stór.

Bakuggi er aftast á bolnum en raufarugga, eyrugga og kviðugga vantar og lítið fer fyrir sporði. Sænálin er brúnleitt, með dökkum þverrákum.

Heimkynni sænalarinnar eru frá Azoreyjum og Portúgal, norður til stranda Norðegs og Íslands. Mest hefur orðið vart við sænalar við vestanverða suðurströndina og í Faxaflóa en með þeim hitabreytingum sem átt hafa sér stað á undanförunum árum þá er hún farinn að fást

hér í Breiðafirði.

Stóra sænál er úthafsfiskur sem þvælist upp að ströndinni og er þar í þangi. Getur verið á örgrunnu vatni allt niður fyrir 100 m.



Hver hrygna hrygnir 400-1000 eggjum sem hængarnir bera. Margir hængar skipta á milli sín eggjum einnar hrygnu og sjá um að unga þeim út.

Skýld tegund sem margir þekkjá en finnst ekki hér við Ísland er sæhesturinn.

Skötuselur

Lophius piscatorius

(Einnig kallaður kjaftgelgja)

Hann er af skötuselsætt en þetta eru stórir fiskar með stóran og flatan haus og víðan kjaft. Tvær tegundir þekkjast í NA-Atlantshafi og er önnur þeirra hér.

Skötuselur er hausstór fiskur með mikinn kjaft. Hann er frambreiður mjög en mjókkar aftur. Í Kjafti hefur hann mikið magn af þéttröðuðum oddhvössum tönnum sem liggja aftur. Augu eru smá. Á höfði hefur hann nokkurskonar veiðistöng sem er hreyfanleg til allra átta og notuð er til að lokka að bráð. Stöng þessi tilheyrir fremri bakugga. Sporður er vel þroskaður. Eyruggar eru vel þroskaður og líkjast helst selshreifum en af þeim og flötum búknunum dregur fiskurinn nafn sitt. Roð er án hreisturs og þykir mjúkt viðkomu.

Heimkynni skötusels eru



Atlantshafið frá Íslandi og Norður Noregi allt suður að Góðrarvonarhöfða. Hann finnst allt í kringum Ísland en algengastur er hann í hlýja sjónum við suðurland.


Lífshættir: Hann er botn-

fiskur, sem lifir á 20-1800 m dýpi. Engin sérstök botngerð virðist höfða meira til hans en önnur. Yfirleitt liggur hann á botninum og bíður eftir bráð, en einnig syndir hann um í leit sinni.

Fiskur svo sem þorskur, ýsa og ýmsar tegundir flatfiska þykir honum herra-mannsmatur, einnig á hann til að gleypa humar og fleiri krabbadýr. Vitað er til þess að hann hafi gleypst kafandi fugla.

Hrygning á sér stað S- SA af landinu á 1800 m dýpi en aðal hrygningarsvæðið er suður af Færeyjum og vestan Bretlandseyja. Eggjum er hrygnt í borða sem geta verið 10 m langir og 45 -90 cm breiðir og innihalda um 1 milljón egg. Borðar þessir berast síðan með straumum fram að klaki.

Skötuselsveiðar eru þónokkrar. Árlega eru veidd um 50.000 tonn og eru þar Bretar og Frakkar stærstir. Á síðasta ári var landað 2223 tonnum af skötusel hér á landi.



Örnefnamynd Lionsklúbbs Ólafsvíkur

er til sölu hjá Kristjáni Helgasyni í síma 436 1198
og í Versluninni Hrund, Ólafsvík.

Myndin fæst í tveimur stærðum:

120x30cm - verð kr. 15.000

150x40cm - verð kr. 22.000

Tilvalið til afmælis-, tækifæris- og jólagjafa.

Ólafsvíkurkirkja
SUNNUDAGINN
30. október

SUNNUDAGA SKÓLI

kl. 11:00

Söngur, sögur, gleði og
gaman...

Öll börn hvött til að mæta!



INGJALDSHÓLSKIRKJA
Sunnudaginn 30. október

FJÖLSKYLDU GUÐSPJÓNUSTA

KL. 11:00

Söngur, sögur, gleði og gaman...

Öll börn hvött til að mæta!

Komum saman í kirkjunni
til tilbeiðslu og lofgjörðar

Sóknarprestur



SKÓFLUSTUNGA TEKIN



Í dag kl. 17:00 mun verða tekin skóflustunga að nýjum parhúsum fyrir 60 ára og eldri við Engihlíð í Ólafsvík.

Þetta er fyrsti áfanginn í byggingu tveggja nýrra parhúsa sem eiga að vera tilbúnar til afhendingar í september 2006

Íbúar Snæfellsbæjar eru hjartanlega velkomnir á svæðið.

Bæjarstjórnin í Snæfellsbæ